


Alþingi
Erindi nr. P 130/2362
komudagur 6.5.2004



Alþingi
v/ Austurvöll
150 Reykjavík.

Bt. allsherjarnefndar.

LYNGHALS 5
P.O.Box 10110
130 REYKJAVÍK
ICELAND
TEL: +354 515 6000
WWW.NLC.IS


Reykjavík, 5. maí 2004.

Við er til bréfa nefndarinnar dags. 4. þ.m., sem boðsend voru í morgun til Norðurljósa hf. og dótturfélaga þess; Íslenska útvarpsfélagsins ehf., Fréttar ehf. og Skífunnar ehf. Í bréfum þessum er félögunum boðið að senda nefndinni umsögn um þingmál nr. 974, sem er frumvarp til breytingar á útvarps- og samkeppnislögum. Samkvæmt bréfunum er þess óskað að umsagnir berist nefndinni eigi síðar en 7. maí 2004.

Frumvarpið, eins og það liggur nú fyrir Alþingi, hefur margvísleg og víðtæk áhrif á starfsemi Norðurljósa. Ógerlegt er með öllu að gera grein fyrir þeim með fullnægjandi hætti innan þeirra tímamarka sem nefndin setur. Brýnt er að Norðurljós hafi tök á að koma á framfæri upplýsingum um þau áhrif sem samþykkt frumvarpsins mun hafa á hagsmuni félagsins og starfsmanna þess. Til að leggja mat á það og setja það fram þarf lengri tíma en veittur er til umsagnar. Þá má geta þess að forsvarsmenn Norðurljósa leituðu eftir því að fá að koma á framfæri sjónarmiðum félagsins við fjölmiðlanefnd menntamálaráðherra, en ekki var áhugi á því. Það er því í fyrsta sinn nú sem félagið hefur tök á að koma sjónarmiðum sínum á framfæri og ekki ósanngjarnt að gefa þann tíma sem til þess þarf.

Forsvarsmenn Norðurljósa óska eftir fresti til að skila umsögn um frumvarpið til mánudagsins 17. maí nk.

Virðingarfyllst,


Skarphéðinn B. Steinarsson
stjórnarformaður.

TELEVISION

RADIO

MUSIC

FILM

RETAIL